

Doktorsvörn við Menntavísindsvið

Karen Rut Gísladóttir

I am Deaf, not illiterate: A hearing teacher's ideological journey into the literacy practices of children who are deaf

Föstudaginn 11. mars fer fram doktorsvörn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þá ver Karen Rut Gísladóttir íslenskukennari doktorsritgerð sína *I am Deaf, not illiterate: A hearing teacher's ideological journey into the literacy practices of children who are deaf - Ég er heyrnarlaus, ekki ólæs: Hugmyndafræðilegt ferðalag heyrandi kennara inn í lestrar-og ritunarauðlindir heyrnarlausra nemenda*

Hefst: 11/03/2011 - 14:00 Staðsetning: [Stakkahlíð/Háteigsvegur](#)
Nánari staðsetning: Skriða



Andmælendur eru Jean McNiff prófessor við York St John University og James Paul Gee prófessor við Arizona State University. Leiðbeinendur Karenar voru dr. Hafþór Guðjónsson dósent í kennslufræðum, dr. Hafdís Guðjónsdóttir dósent í kennslufræðum og sérkennslufræðum, bæði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og dr. Amy Suzanne Johnson Lachuk prófessor við University of South Carolina.

Dr. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands stjórnar athöfninni sem hefst klukkan 14:00 í Skriðu, Stakkahlíð.

Um ritgerðina

Ritgerðin lýsir rannsókn sem Karen gerði á eigin kennslu en hún hefur kennt heyrnarlausum nemendum íslensku um árabíl. Í kennslunni hefur Karen reynt að tileinka sér nýjar kennsluaðferðir sem fela í sér að byggja á hæfileikum nemenda og þeim auðlindum sem þeir búa yfir og eiga rætur í lífi þeirra utan skólans. Til að skilja auðlindir nemenda og hvernig þær birtast innan kennslustofunnar hélt Karen rannsóknardagbók þar sem hún skráði atvik úr eigin kennslu, tók viðtöl við foreldra og nemendur sem varpað gætu ljósi á hvernig lestrar-og ritun birtist í daglegu lífi nemanda og safnaði verkefnum nemenda. Í rannsókn sinni studdist Karen ennfremur við fræðikenningar New Literacy

Studies en þær beina athygli rannsækenda að félags- og menningarlegri reynslu nemenda og hvernig nýta megi þessa reynslu í skólastofunni til að efla lestrar- og ritunarfærni þeirra.

Í ritgerðinni lýsir Karen 1) tilraunum sínum til að nýta sér kenningar New Literacy Studies í skólastofunni, 2) þeim stofnana- og hugmyndafræðilegu hindrunum sem hún þurfti að glíma við til að skapa rými fyrir reynslu nemenda innan kennslustofunnar og 3) hvernig starfshættir hennar þróuðust. Niðurstöður ritgerðarinnar beina athygli að því mikilvæga hlutverki sem rannsóknir kennara geta haft á breytingar í skólastarfi fái þeir það rými og þann stuðning sem til þarf til skoða eigin kennslu í gegnum fræði sem hjálpa þeim að skilja þann flókna veruleika sem birtist þeim innan kennslustofunar.

Almennar upplýsingar

Karen Rut Gísladóttir er fædd í Reykjavík árið 1973. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi árið 1993, BA-prófi í íslensku og íslensku táknmáli frá HÍ árið 1998, M.Paed. prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ árið 2001 og M.Sc.-prófi í kennslu-og námsskrárfræðum frá University of Wisconsin-Madison árið 2005. Karen starfaði sem almennur bekkjarkennari við Vesturhlíðarskóla veturinn 2000-2001 og sem íslenskukennari á táknmálssviði Hlíðaskóla frá 2006 til dagsins í dag. Karen er gift Arinbirni Ólafssyni verkfræðingi. Þau eiga tvö börn, Þórfríði Inu 12 ára og Eini Sturlu 6 ára.